



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Rangárping ytra
Örn Þórðarson,
sveitarstjóri
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 27. febrúar 2007

Tilvísun: UST20070200189/gþ

Deiliskipulag á þjónustukjörnum á Fjallabakssvæðinu

Á fundi samráðsnefndar um Fjallabakssvæði sem haldinn var á Hellu þann 16. janúar síðastliðinn og einnig þann 23. febrúar síðstliðinn var fjallað um skipulagsmál á Fjallabakssvæðinu. Eins og kunnugt er hefur ekki verið unnið deiliskipulag fyrir þjónustusvæði á Fjallabakssvæðinu þrátt fyrir að veruleg uppbygging hafi farið þar fram. Nú svo komið að afar brýnt er að hafist verði handa við skipulagsvinnuna þar sem nefndin, Umhverfisstofnun og sveitarfélagið hafa verið að afgreiða umsóknir um byggingarleyfi og stöðuleyfi til bráðabyrgða.

Á fundinum í janúar var m.a. fjallað um nauðsyn þess að deiliskipuleggja Landmannalaugasvæðið og einnig þjónustusvæðið við Landmannahelli. Á báðum svæðunum eru nokkrar byggingar með bráðabirgðastöðuleyfi. Á fundinum í febrúar hafði nefndin til afgeiðslu beiðni Ferðafélags Íslands um bráðabirgðastöðuleyfi fyrir nýtt starfsmannahús í stað tveggja minni sem reist voru samkvæmt bráðabirgðaleyfi, en eru nú úr sér gengin. Búast má við því, með auknum kröfum gesta og nauðsyn á fjölgun starfsmanna á Fjallabakssvæðinu, að fleiri beiðnir um byggingarleyfi í þágu þjónustu við gesti berist á næstu árum.

Umhverfisstofnun tekur heilshugar undir ábendingar nefndrinnar um að nauðsynlegt sé að hraða gerð deiliskipulags fyrir þjónustukjarna á Fjallabakssvæðinu ásamt því að ákveða um gönguleiðir og reiðleiðir á svæðinu. Auk þessa sem fram hefur komið hér að framan bendir stofnunin á að vorið 2006 var haldin í Reykjavík ráðstefna um heitinu **Auðlindin Ísland - Upplýsinga og umræðufundur SAF um samspil ferðapjónustu og virkjana**. Þar fluttu þau Anna Dóra Sæþórssdóttir og Karl Ingólfsson erindi um Fjallabakssvæðið og kom fram hjá þeim báðum að svæðið væri einstakt á heimsvísu. Bæði töldu þau brýnt að þar verði farið í skipulagsvinnu sem miði að því að vernda náttúru svæðisins, sem er auðlindin, ásamt því að gera svæðið aðgengilegt fyrir ferðamenn. Sérstök áhersla var á þolmörk svæðisins og voru kynnt bæði þolmörk umhverfisins og félagsleg þolmörk. Að lokum bendir stofnunin á að í fundargerð samráðsnefndarinnar kemur fram að nefndarmenn eru tilbúnir til aðstoðar vegna skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst


Árni Bragason


Guðríður Þorvarðardóttir